



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM UPPLÝSINGASKYLDU FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM INNLEIÐINGU REGLUGERÐA
VARÐANDI UPPLÝSINGASKYLDU FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

2021 nr. 12

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 15. september nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

REGLUR

um innleiðingu reglugerða varðandi upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja.

1. gr. *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem skylt er að veita upplýsingar um áhættuþætti, áhættustýringu og eiginfjárstöðu, sbr. 18. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og VIII. hluta reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017.

2. gr. *Upplýsingaskylda fjármálafyrirtækja.*

Fjármálafyrirtæki skal birta þær upplýsingar um eiginfjárgrunn sem koma fram í reglugerð (ESB) nr. 1423/2013, með þeim hætti og með þeirri tíðni sem kveðið er á um í reglugerðinni, sbr. 3. gr.

Fjármálafyrirtæki, sem er alþjóðlega kerfislega mikilvægt, skal birta upplýsingar um þau viðmið sem notuð eru til að tilgreina alþjóðlega mikilvæg fyrirtæki sem koma fram í reglugerð (ESB) nr. 1030/2014, með síðari breytingum, með þeim hætti og með þeirri tíðni sem kveðið er á um í reglugerðinni, sbr. 3. gr.

Fjármálafyrirtæki, sem skylt er að viðhalda sveiflujöfnunarauka, skal birta þær upplýsingar um eiginfjárukaann sem koma fram í reglugerð (ESB) 2015/1555, með þeim hætti og með þeirri tíðni sem kveðið er á um í reglugerðinni, sbr. 3. gr.

Fjármálafyrirtæki skal birta upplýsingar um vogunarhlutfall sem koma fram í reglugerð (ESB) 2016/200, með þeim hætti og með þeirri tíðni sem kveðið er á um í reglugerðinni, sbr. 3. gr.

Fjármálafyrirtæki skal birta þær upplýsingar um eignir með og án veðbanda sem koma fram í reglugerð (ESB) 2017/2295, með þeim hætti og með þeirri tíðni sem kveðið er á um í reglugerðinni, sbr. 3. gr.

3. gr. *Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1423/2013 frá 20. desember 2013, um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi gagnsæi vegna eiginfjárfarfna fjármálafyrirtækja sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 65.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1030/2014 frá 29. september 2014, um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi samræmd form og dagsetningar vegna birtingar gilda sem notuð eru til að tilgreina alþjóðleg kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71.
3. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1555 frá 28. maí 2015, um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla vegna birtingar upplýsinga í tengslum við skyldu fjármálafyrirtækja til að viðhalda sveiflujöfnunarauka, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/200 frá 15. febrúar 2016, um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi birtingu upplýsinga um vogunarhlutfall fjármálafyrirtækja, sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í

EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71.

5. Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/818 frá 17. maí 2016 um breytingu á framkvæmdareglugerð (ESB) nr. 1030/2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla varðandi samræmd form og dagsetningar birtingar gilda sem notuð eru til að greina alþjóðleg kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki sem sett er á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71.
6. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2295 frá 4. september 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir upplýsingagjöf um eignir með veðböndum og veðbandalausar eignir, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1423/2013, nr. 1030/2014, 2015/1555, 2016/200, 2016/818 og 2017/2295 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union):

1. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32013R1423>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 355, þann 31. desember 2013, bls. 60-88;
2. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32014R1030>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 284, þann 30. september 2014, bls. 14-21;
3. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32015R1555>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 244, þann 19. september 2015, bls. 1-8;
4. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32016R0200>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 39, þann 16. febrúar 2016, bls. 5-25;
5. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32016R0818>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 136, þann 25. maí 2016, bls. 4-7; og
6. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32017R2295>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 329, þann 13. desember 2017, bls. 6-19.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í b-lið 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, taka gildi þegar í stað. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 506/2017 um tæknilega staðla varðandi upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja, með síðari breytingum.